

43. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 04.07 2017, kl. 13.30

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Eiríkur Kjerúlf og Lárus Heiðarsson. Þorvarður boðaði forföll vegna heyanna. Varamenn höfðu ekki tök á að mæta.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Eldvarnarbandalagið
3. Leikskólamáli
4. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV
5. Lóð Végarðs
6. Bréf
 - a) Vegagerðin dags. 16.06 2017
 - b) Náttúrustofa Austurlands , júní 2017
7. Fjárbeiðnir
 - a) Blindrafélagið
 - b) Æskulýðsnefnd Freyfaða
8. Fundargerðir
 - a) Félagsmálanefnd 22.06
 - b) Framkvæmdastjórn SKA 19.06
 - c) Gerð sameiginlegrar húsnæðisstefnu fyrir Austurland 14.06 og 20.06
 - d) Svæðisskipulagsnefnd SSA 13.06
 - e) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 07.06
 - f) Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi 13.06. Ársreikningur 2016
 - g) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 12.06
 - h) Upphéraðsklasi 26.04
 - i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 19.og 20.06, ásamt drögum að fjárhagsáætlun og rekstrarframlögum 2018.
9. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs
10. Önnur mál
 1. Skýrsla oddvita

Framkvæmdum við starfsmannahús Laugarfelli miðar vel áfram, en líklegt að þeim verði ekki að fullu lokið um mánaðarmót júní/júlí, eins og stefnt var að. Neysluvatnssýni sem tekið var í skálanaum sýndi of hátt gerlamagn, taka á sýni aftur síðar í sumar en ekki talin ástæða til að sjóða vatnið þar sem ekki er um að ræða saurgerla. Þá gildi mældist einnig fremur hátt.

Tæming rotþróa í sveitinni er hafin, en tæma þarf þærnar annað hvort ár.

Þráinn Hauksson hjá Landslag ehf, skoðaði stíg að Hengifossi 21. júní og mun leggja upp tillögu að verklýsingu framkvæmda.

Skrifað hefur verið undir samning við Forsætisráðuneytið um afnot af lóð við Laugarfell, samningnum hefur verið þinglýst svo nú á ekkert að vera því til fyrirstöðu að skrá mannvirki á lóðinni í fasteignaskr. Einnig hefur verið skrifað undir tímabundinn samning við Snæfellsstofu um sérfræðipjónustu vegna Hengifossvæðis.

SSA hefur sett af stað vinnu við gerð sameiginlegrar húsnæðisstefnu fyrir Austurland og myndað starfshóp er í sitja framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga. Starfsmaður SSA vinnur með hópnum. Kallað er eftir upplýsingum fyrir öll sveitafélögin og einnig leggur Íbúðalánasjóður fram gögn.

Skilti er benda á að næturdvöl (í bílum og tjöldum) er aðeins heimil á merktum tjaldsvæðum hafa verið sett upp á Hengifossvæðinu og við afleggjara niður með Gilsá. Fleiri skilti verða sett á valda staði, en einnig eru dreifimiðar notaðir til að koma sömu upplýsingum á framfæri og geta íbúar nálgast dreifimiða á skrifstofu Fljótsdalshrepps, vilji þeir sporna við óheimilli næturdvöl í landi sínu.

Oddviti mætti á fund á Egilsstöðum 13. júní, sem boðað var til með ráðherrum ferða-og fjármála. Til umræðu var m.a. staða ferðapjónustu á Austurlandi.

Enginn sótti um verkstjórn vinnuskóla og unglingar sem sóttu um vinnu eru aðeins 2 og geta þeir vegna námskeiða og ferðalaga, ekki unnið nema dag og dag. Því verða unnin stutt tímabil þegar aðstæður unglinganna og verkstjóra (sem fenginn var til að starfa tímabundið) leyfa. Tveir vinnudagar voru í júní.

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur hefur sett fram tillögu um örnefni á einn af ónefndum Þjófahnjúkum sunnan Snæfells. Leggur Hjörleifur til að hnjúkurinn verði nefndur eftir þýska jöklafræðingnum Emmy Mercedes Todtman og verði kallaður Emmýarhnjúkur.

Úttekt á sjálfbærni Fljótsdalsstöðvar fer fram dagana 7.-15. September 2017, óskað hefur verið eftir að Fljótsdalshreppur taki þátt og veiti upplýsingar.

25 manns mættu á skyndihjálparnámskeið sem haldið var í Végarði 28. Júní.

Gögn til kynningar:

Ársskýrsla HAUST fyrir árið 2016. Skýrsla Landsvirkjunar LV-2017-054 Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði.

2. Eldvarnarbandalagið

Eldvarnabandalagi sem er verkefni sem miðar að því að koma á virku innra eftirliti með eldvörnum í stofnunum sveitarfélagsins. Frestað að taka ákvörðun um þáttöku.

3. Leikskólamál

Varðar ósk um greiðsluþáttöku Fljótsdalshrepps vegna barns á leikskólaaldri, sem verður hjá dagmömmu frá og með miðjum ágúst. Barnið fær ekki pláss í leikskóla. Óskað er eftir að Fljótsdalshreppur niðurgreiði kostnað, þannig að hann verði sá sami og ef að barnið væri á leikskóla. Ekki eru sérstakar reglur um niðurgreiðslur vegna vistunar hjá dagmömmu hjá sveitarfélaginu, en samþykkt að verða við við beiðninni og oddvita falið að undirbúa gerð reglna um niðurgreiðslu.

4. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV

Oddvita falið að ganga frá umsögn þegar öll gögn liggja fyrir.

5. Lóð Végarðs

Samþykkt að óska eftir kaupum á landi í kringum Végarð.

6. Bréf

- a) Vegagerðin dags. 16.06 2017. Vegagerðin ætlar að standa við þá ákvörðun sína að fella Geitagerðisveg af vegaskrá, en bendir á að hægt sé að sækja um héraðsveg aftur, þegar lögheimilisfesta verður í Geitagerði á ný
- b) Náttúrustofa Austurlands, júní 2017. Varðar gróðurannsóknir á Fljótsdalsheiði.

7. Fjárbeiðnir

- a) Blindrafélagið. Hafnað.
- b) Æskulýðsnefnd Freyfa. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eru ætlaðar 50.000 kr til starfseminnar.

8. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 22.06. Kynnt.
- b) Framkvæmdastjórn SKA 19.06. Kynnt.
- c) Gerð sameiginlegrar húsnæðisstefnu fyrir Austurland 14.06 og 20.06. Kynnt
- d) Svæðisskipulagsnefnd SSA 13.06. Kynnt.
- e) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 07.06. Kynnt.
- f) Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi 13.06. Ársreikningur 2016. Kynnt.
- g) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 12.06. Liður 1. Byggingaleyfi veitt fyrir frístundahúsi í landi Sveinsels, Þorgerðarstöðum. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Fundargerð að öðru leiti lögð fram til kynningar.
- h) Upphéraðsklasi 26.04. Kynnt.

- i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 19.og 20.06, ásamt drögum að fjárhagsáætlun og rekstrarframlögum 2018. Gögn kynnt , ekki gerðar athugasemdir við drög að fjárhagsáætlun og rekstrarframlögum .

9. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs

Tillaga samþykkt um að fresta kosningu til næsta fundar, þannig að fullskipað verði á fundi.

10. Önnur mál

Engin önnur mál færð til bókar.

Fundi slitið kl. 16:47. Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)